

Lög

um

stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.

Nr. 65
28. nóv

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Löggilt verslunarlóð á Nesi í Norðfirði skal vera 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls á strandlengjunni frá Bakkalæk að Naustalæk, en að öðruleyti með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í lögum nr. 19, 22. október 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sigurður Jónsson.